

Werner Nachtigal

3 SKREF

Í PERSÓNULEGRI BOÐUN FAGNAÐARERINDISINS



ALPJÓÐLEGI TRÚBOÐSDAGURINN
ÆFINGABÓK



3 SKREF

Fagnaðarerindið geymir besta boðskap í heimi og er eina vonin um eilíft líf. Jesús dó á krossi vegna kærleika síns gagnvart okkur. Hann reis aftur upp frá dauðum á þriðja degi og lifir að eilífu. Hann er eini vegurinn til Guðs og eina vonin um eilíft líf. Þú getur upplifað þá gleði og þau forréttindi sem því fylgja að kynna Jesú Krist fyrir öðrum.

Einn heimur - einn dagur - ein skilaboð: Jesús

Ímyndaðu þér þann dag þegar kristnir menn úti um allan heim boða öðrum fagnaðarerindið. Sumir deila því með vinum og fjölskyldu og aðrir í þjóðfélaginu. Hver og einn tekur trúarskref með því að greina frá kærleika og fyrirgefningu Guðs. Það er sýn alþjóðlega trúboðsdagsins. Einn dag á ári, síðasta sunnudag í maí, ár hvert, boðar líkami Krists fagnaðarerindið einum rómi.

Sérhver trúuð manneskja er vitni

Jesús hefur kallað sérhvern kristinn mann sem vitni fyrir sig og hann hefur heitið okkur krafti sínum í því augnamiði:

Þegar Billy Graham var spurður hver myndi feta í fótspor hans, sagði hann við mikinn mannfjölda: „Hvert og eitt ykkar!“ Reynslan kennir okkur að þetta er satt. Milljónir kristinna manna sem áður höfðu kviðið því að segja frá trú sinni leiða nú fólk til Krists. Þessi einfalda þrjúþátta þjálfun mun sjá þér fyrir öllu því sem þú þarft til þess að tala um Jesú á frjálsgentan og áhrifaríkan hátt.

Alþjóðlegi trúboðsdagurinn 5 ára

„Alþjóðlegi trúboðsdagurinn er frábær leið til þess að hvetja fólk áfram til að byrja að segja frá trú sinni. Þegar kristnir menn hafa sigrast á ótta sínum við að bera vitni eru meiri líkur á því að þeir haldi áfram að tala við annað fólk sem þarfnast Jesú Krists.“

Steve Douglas

alþjóðlegur forseti Campus Crusade for Christ

Haldið var upp á fyrsta alþjóðlega trúboðsdaginn árið 2012. Allar götur síðan hefur það framtak dafnað og orðið að hreyfingu á heimsvísu, þar sem rúmlega 25 milljónir kristinna manna hafa tekið þátt, með þeim árangri að margar kirkjur hafa vaxið og nýjar hafa verið stofnaðar.

- 5,7 milljónir manna hafa ákveðið að fylgja Kristi
- Fréttir frá yfir 140 löndum um boðun fagnaðarerindisins
- Rösklega 25 milljónir kristinna manna virkjaðar til starfa
- 142 milljónum eintaka af ritum tengdum fagnaðarerindinu hefur verið dreift

Tekið úr skýrslu: Í Dóminíska lýðveldinu tóku 280.000 kristnir menn úr 3.712 söfnuðum höndum saman um að ná til einnar milljónar manna með fagnaðarerindið. Í kjölfar alþjóðlega trúboðsdagsins tóku 20.000 manns skírn.

Frá áhorfendum til áhugasamra votta

„Hersveit trúaðra manna situr í kirkjunum og bíður þess að láta til sín taka. Ef við getum fundið leið til þess að snúa áheyrendum í her, að snúa neytendum í styrktaraðila, að snúa áhorfendum í þátttakendur - þá mun það breyta heiminum. Verið með í alþjóðlega trúboðsdeginum.“

Rick Warren

93% kirkjufólks tekur naumast þátt í því að deila reglulega fagnaðarerindinu með öðru fólki! Margir kristnir menn hafa aldrei lært að ná til annarra með fagnaðarboðskapinn. Hvernig væri að læra það?

Veltu fyrir þér eftirfarandi tveimur spurningum:

1. Hver er stærsta ákvörðunin sem þú hefur tekið á ævinni? Margir kristnir menn svara: „Að hafa boðið Jesú Kristi inn í líf mitt.“

2. Hvað er það besta sem þú getur gert fyrir einhvern sem þekkir ekki Jesú? Svar: „Leiddu þá manneskju til Krists.“

Kristinn maður þarf aðeins að sigrast á ótta sínum til þess að tala við einhvern um Jesú. Samt sem áður er miklu meira í húfi fyrir þann sem talað er við - jafnvel sjálf eilífðin!

Undirbúningur alþjóðlega trúboðsdagsins

Í þessum bæklingi munt þú læra að taka þrjú skref sem hjálpa þér að vinna fólk fyrir Jesú.

Skref 1: Hvernig á að hefja samræður

Skref 2: Hvernig á að deila fagnaðarerindinu

Skref 3: Hvernig á að leiða manneskju til Krists

Við kennum þér að taka hagnýt skref í þá átt að verða áhrifaríkur vottur fyrir Jesú. Þessi þrjú skref hjálpa þér að tala við annað fólk.

Ungur maður, Joshua að nafni, taldi að boðun fagnaðarerindisins ætti ekki við sig, þar sem hann var frekar feiminn. Eftir að hafa tekið þátt í þessari þriggja skrefa þjálfun tók hann að boða fagnaðarerindið og dag nokkurn leiddi hann sex manns til Krists. Nú nýtur hann þess innilega að segja fólki frá Jesú. Þú getur líka upplifað hversu auðvelt það er að deila fagnaðarerindinu og leiða fólk til Krists.

“Drífið ykkur af stað, takið trúarskref. Gerið eitthvað sem þið hafið aldrei gert áður!”

Nick Vujicic, Life Without Limbs

Hvati okkar og uppspretta styrks er kærleikur Guðs og kraftur Heilags anda sem byggður er á orði Guðs.

Kærleikur Guðs

Þegar þú talar við við einhvern um Jesú, hafðu þá í huga að Guð elskar viðkomandi og reyndar svo heitt að Jesús dó einmitt fyrir þann sem þú deilir fagnaðarerindinu með. Í Rómverjabréfinu er sagt að „meðan við vorum enn vanmegna dó Kristur á settum tíma... þegar við vorum enn syndarar“ (Róm. 5.6,8).

Þetta er sá boðskapur vonar sem þú þarft að senda frá þér. Hann hefur gríðarleg áhrif á fólk þegar það uppgötvar einlægan áhuga þinn á því.

Heilagur andi

Jesús lofaði því að við myndum meðtaka Heilagan anda og verða vottar sínir. Lækir lifandi vatns myndu streyma hið innra með okkur. Heilagur andi er uppspretta styrks Guðs okkur til handa og hjálpar okkur að sigrast á kvíða okkar og ótta gagnvart fólk. Hversu oft hafa kristnir menn ekki talið sig geta boðað fagnaðarerindið? En Guð vill auka okkur dug fyrir tilstilli Heilags anda.

„Sá sem trúir á mig mun einnig gera þau verk sem ég geri.“

Jóh. 14.12

Orð Guðs

Biblían er óskeikult orð Guðs - grundvöllur alls sem við trúum á og alls sem við segjum - en hún er meira en það. Sannleikur fagnaðarerindisins er „kraftur Guðs sem frelsar“ marga (sjá Róm 1.16). Er þú greinir frá sannleika Biblíunnar í samræðum þínum mátt þú vera viss um það að hann hefur að geyma kraftinn sem bjargar, líknar og umbreytir fólk og frelsar það.



Ert þú tilbúin(n)?

Rúmlega tvítug prestsdóttir hafði aldrei greint neinum frá fagnaðarerindinu vegna þess að hún óttaðist hugsanleg viðbrögð fólksins. Dag nokkurn ákvað hún að breyta því. Hún lagði á djúpið, staðráðin í því að óttinn skyldi ekki lengur aftra sér. Hún greindi konu sem hún hitti frá kærleika Guðs og áætlun hans. Konan fór að gráta og í hvatvísi sinni faðmaði prestsdóttirin konuna að sér. Henni varð mjög brugðið þegar konan allt í einu dró byssu upp úr tösku sinni. Konan útskýrði að hún hefði verið á leið í skóginn til þess að fyrirfara sér. Áður en hún lagði af stað hafði hún beðið:

„Guð, ef þú ert til, sendu mér engil sem getur komið í veg fyrir að ég taki líf mitt. Og til þess að ég viti að þú sért að verki, láttu þá engilinn faðma mig.“ Í dag er þessi kona og öll fjölskylda hennar lifandi í trúnni. Hún segir öðru fólki frá því hvernig Jesús bjargaði henni.

Sem fylgjendur Jesú ættum við að gera það sama og Jesús gerði. Eitt af því felst í því að segja öðrum frá fagnaðarerindinu. Í því augnamiði hefur hann lofað því að gefa okkur þor fyrir tilstilli Heilags anda. Ert þú tilbúin/n?





SKREF 1

HVERNIG Á AÐ HEFJA SAMRÆÐUR

Mörgu kristnu fólki veitist erfitt að nálgast fólk og segja því frá Jesú. En allir geta lært það! Umfram allt er mikilvægt að ná athygli viðkomandi.

Það er eins einfalt að greina frá trú sinni og að hefja hvert annað samtal.

Í Jóhannesarguðspjalli talaði Jesús við konu frá Samaría og um síðir komu allir þorpsbúar út til þess að hlýða á hann. Þessi saga, sem finna má í 4. kapítula Jóhannesarguðspjalls, gefur glögga mynd af því hvernig Jesús myndaði tengsl við fólk.

1. Finndu umræðuföt!

„Samversk kona kemur að sækja vatn. Jesús segir við hana: „Gef mér að drekka.““

Jóh. 4.7

Það byrjaði allt með hversdagslegri þörf og spurningu. Hann bað konuna um að gefa sér eitthvað að drekka. Vatnið skapaði umræðuföt. Umræðuföturinn þinn gæti verið eitthvað einfalt - fjölskylda, börn, eða föt. Brostu til viðmælandans og sýndu vin-semd. Náðu athygli hans, hlustaðu síðan vandlega og finndu umræðuföt.

Umræðufötur þinn gæti verið ámóta einfaldur og vatnið í sögunni um samversku konuna. Hann gæti verið fjölskyldan, börnin eða jafnvel föt. Ef manneskjan ber kross, getur þú

spurt hvaða þýðingu hann hefur fyrir viðkomandi. Hrósr er önnur skilvirk leið til þess að mynda tengsl, svo framarlega sem aðstæður bjóði upp á slíkt.

Góðverk getur líkað leitt til samtals. Þú gætir haldið hurð opinni fyrir einhvern eða tekið eitthvað upp sem hefur dottið. Gerðu eitthvað óvænt.

Annar valkostur gæti verið að vísa til einhvers sem á við um aðstæður (hund viðmælandans, bíl, farsíma o.s.frv.,) eða málefni líðandi stundar. Leitaðu sameiginlegra áhugamála.

Prédikaðu ekki fyrir fólki! Berðu upp spurningar og hlustaðu á það hvað viðkomandi hefur að segja. Er ég var staddur í Brasilíu, greindi ég spenntur sex starfsmönnum veitingastaðar nokkurs frá Jesú þar sem ég var að borða. Eftir um það bil stundarfjórðung sagði einn þeirra að þeir tilheyrðu allir hvítasunnusöfnuði á svæðinu. Hefði ég hafið samræðurnar með spurningu, hefði ég undir eins komist að því að þeir væru allir trúaðir.

- **Sýndu vinsemd og brostu til manneskjunnar sem þú ert að tala við.**
- **Byrjaðu samtalið með því að spjalla um daginn og veginn.**
- **Berðu upp góða spurningu.**
- **Gerðu góðverk.**

Ef veiðimaður vill ná góðum afla þarf hann að nota rétta beitu. Hann gæti valið súkkulaði, en súkkulaði ginnir ekki fiska. Ormar tæla hins vegar fiskana og því notar hann þá.

Að bera upp spurningar og hlusta síðan einfaldlega byggir upp traust. Vertu reiðubúin/n með opnar spurningar á borð við: „Hvaða hugmyndir hefur þú um Guð?, „Getur þú sagt mér hvers vegna þú sækir ekki kirkju lengur? Eða einfaldlega: „Hvað segir þú gott?“

Ég sat í leigubíl, þar sem ég sá kross hanga niður úr baksýnis-speglinum. Ég spurði bílstjórann hvaða þýðingu krossinn

hefði fyrir hann. Hann svaraði því til að hann hugsaði alltaf um Maríu. Í stað þess að segja honum að hann væri á villigötum, greindi ég honum frá því að ég hefði lært svolítið um krossinn sem hefði breytt lífi mínu. Ég spurði hann svo hvort ég mætti segja honum frá því. Hann samþykkti það og við lok samtalsins gaf hann Drottni líf sitt.

Reyndu að komast að því hvernig fólkinu líður. Það auðveldar þér að tengjast því betur. Þú gætir spurt: „Hvaða þýðingu hefur Guð fyrir þig persónulega?“ Þessa spurningu gætir þú einnig borið upp við fólk af öðrum trúarbrögðum. Í stað þess að deila við það eða ef til vill jafnvel halda því fram að skoðun þess sé röng, skalt þú komast að því með óyggjandi hætti hvaða persónulegu þýðingu trúin hefur fyrir það. Eftir nokkra hríð getur þú spurt hvort það viti að það geti eignast eilíft líf og muni vera með Guði um alla eilífð þegar það deyr. Engin trúarbrögð bjóða upp á svar við þessari spurningu eða fullvissu um slíkt. Aðeins Jesús lofar eilífu lífi. Markmið okkar felst á hinn bóginn ekki í því að deila við það, heldur að leiða það til Jesús.

Forðastu smámuni sem geta valdið deilum. Þú skalt ekki einblína á slíkt í samræðum þínum. Ef þú leggur áherslu á málefni sem eru frelsuninni óviðkomandi geta samræðurnar farið út um þúfur. Haltu þig við fórn Guðs og viðbrögð viðmælenda.

Til þess að þú getir unnið fólk fyrir Krist þarftu að sýna því vinsemd. Illdeilur forherða hjartað. Jafnvel þótt allar skoðanir viðmælenda stangist á við þínar, skaltu reyna að skilja þær og gæta ætíð fyllstu virðingar.

Ef þú reynir að taka bein af hundi mun hann reyna að streitast á móti með öllum sínum kröftum. En ef þú býður hundinum upp á gómsætan kjötbita í stað beinsins mun hann undir eins sleppa beininu. Á sama hátt mun fólkíð halda í trú sína, skoðanir sínar og sjónarmið vegna þess að það veit ekki betur. En þegar fólk heyrir um kærleika Guðs

og það sem Jesús gerði fyrir það snýr það baki við trúarskoðunum sínum. Segðu því frá fórn Guðs til fyrirgefningar synda þeirra, gjöf um frið, sanna gleði og eilíft líf. Fagnaðar-erindið minnr þannig á gómsæta kjötbitann.

2. Sýndu áhuga

Þegar þú hefur náð athygli viðmælandans er næsta mál á dagskrá að vekja áhuga..

„Þá segir samverska konan við hann [Jesú]: „Hverju sætir, að þú, sem ert Gyðingur, biður mig um að [gefa þér að] drekka, samverska konu?“... Jesús svaraði henni: „Ef þú þekktir gjöf Guðs og vissir hver sá er sem segir við þig: Gef mér að drekka, þá mundir þú biðja hann og hann gæfi þér lifandi vatn.““

Jóh. 4.9-10

Jesús kemur sér beint að efninu í lífi þessarar konu og hún er djúpt snortin. Ef til vill á sú manneskja sem þú ert að tala við engan frið við Guð, enga fullvissu um eilíft líf eða finnur einfaldlega fyrir sektarkennd gagnvart Guði, eða þá að hún á við vandamál eða veikindi að stríða, ellegar glímir við fjárhagsvandræði.

Jesús mætti oft fólki í neyð þess. Guð getur enn í dag læknað veikt fólk, fært brostin hjónabönd í lag og leyst fólk úr alls kyns fjötrum. Stærsta neyðin sem allir glíma við er eftir sem áður eilífur aðskilnaður frá Guði.



3. Saga þín

„Jesús segir við hana [samversku konuna]: „Ég er hann, ég sem við þig tala.““

Jóh. 4.26

Jesús opinberaði sjálfan sig fyrir konunni og greindi henni frá því mikilvægasta í lífi hennar.

Persónuleg saga þín er mjög mikilvæg! Segðu frá því hvernig þú upplifðir Guð og hvernig Jesús hefur breytt lífi þínu. Þú getur sagt sögu þína með með misáhugaverðum hætti. Notaðu ekki orð sem utanaðkomandi myndi ekki skilja. Það er mikilvægt að vera hreinskilinn og ýkja ekki. Vertu sannur/sönn og gegnheil(l).

Þú getur sagt persónulega sögu þína í þremur megin atriðum:

- Hvernig var líf þitt án Jesú?
- Hvernig kynntist þú Jesú?
- Hvað breyttist í lífi þínu?

Þú gætir einnig sagt frá því hvernig þú fannst tilgang og merkingu, hvernig þú öðlaðist frið, eða hvernig Guð læknaði þig. Skrifðu söguna þína niður svo að þú getir sagt hana innan nokkurra mínútna. Saga þín er einstök og þú þarft að læra að segja hana á einstakan hátt. Taktu dæmi úr lífi þínu sem önnur manneskja getur tengt sig við með sem bestum hætti.

Vertu viss um um að manneskjan skilji það sem þú ert að segja. Spyrðu hvað viðkomandi finnst um það sem þú hefur sagt frá. Kannaðu viðbrögð hans/hennar. Á meðan þú segir sögu þína, getur þú vakið þrá manneskjunnar eftir þessu líka. Þú getur tengt reynslu þína við sögu viðmælandans eða einfaldlega útskýrt fagnaðarerindið fyrir honum.



SKREF 2

HVERNIG Á AÐ DEILA FAGNAÐARERINDINU

Fagnaðarerindið getur aðeins frelsað einhvern ef viðkomandi skilur það sem þú ert að segja. Þess vegna þarft þú að læra að greina frá fagnaðarerindinu á auðskildu máli. Fólknið sem þú segir sögu þína verður að skilja eftirfarandi:

1. Áætlun Guðs



Í upphafi var öll sköpunin fullkomin. Það var ekkert stríð, ekkert óréttlæti og engin veikindi. Allt var fullbúið og gott. Mannkynið lifði í sátt og samlyndi við Guð.

„Og Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott.“

1Mós. 1.31

Íhugaðu þetta: Áætlun Guðs þeirri manneskju til handa sem þú vilt tala við er henni fyrir bestu í lífi sínu. Guð vill laga það sem skaðast hefur og eiga samskipti við hana um alla eilífð.

2. Vandamálið



Mannkynið ákvað að halda sína leið og sneri sér frá Guði. Í dag sjáum við afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Í stað þess að geta lifað í sátt og samlyndi hvert við annað, upplifum við lygar, hatur, afbrýðisemi, sjúkdóma og stríð. Og það sem mun verja er, tengslin á milli Guðs og manns eru brostin og við getum ekki komið á tengslum við Guð.

Með eigin viðleitni getur mannkynið ekki komið á tengslum við Guð. Hin margvíslegu trúarbrögð eru örvæntingarfullar tilraunir í þá átt að nálgast Guð á nýjan leik. Vegna sektar hefur mannkynið verið aðskilið frá Guði.

„Eins og ritað er: Enginn er réttlátur, ekki einn, ... Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.“

Róm. 3.10,23

Íhugaðu þetta: Áður en viðmælandi þinn getur þráð frelsun, verður hann að gera sér ljóst að hann er glataður.

3. Kærleikur Guðs



Guð er réttlátur og getur þess vegna einfaldlega ekki horft framhá uppreisn okkar. Réttlæti krefst þess að hið ranga verði leiðrétt og að skuldir verði greiddar. Vegna þess að Guð elskar okkur svo heitt kom hann fram með fullkomna áætlun sem hvort tveggja í senn sýnir fram á réttlæti hans og auðsýnir hinum seku miskunn. Guð sýnir kærleika sinn með því að senda einkason sinn, Jesú Krist, í heiminn til þess að deyja á krossi fyrir hvert og eitt okkar. Þannig tók Jesús refsinguna fyrir sök okkar á sjálfan sig. Á þriðja degi reis Jesús upp frá dauðum, eins og hann sagðist sjálfur myndu gera. Dauði hans og upprisa eru grundvöllur þess að við tengjumst honum á ný með réttum hætti.

„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf.“

Jóh. 3.16





STEP 3

HVERNIG Á AÐ LEIÐA MANNESKJU TIL KRISTS

Hvaða ákvörðun tekur þú?



Góð verk, okkar eigin viðleitni, íhugun og kirkjusókn nægja ekki til þess að bæta tengsl okkar við Guð. Aðeins ein leið er fær: Við þurfum að snúa okkur til Jesú og ganga að skilyrðum hans. Við þurfum að snúa baki við syndinni og halda til móts við Guð. Við erum aðskilin frá Guði vegna sektar okkar, en Jesús dó hennar vegna. Aðeins hann getur bjargað okkur um alla eilífð.

„Takið sinnaskiptum og trúið fagnaðarerindinu.“

Mark. 1.15

Jesús reis upp frá dauðum! Hann lifir. Hann er hér einmitt núna og bíður eftir svari þínu. Við þurfum að biðja hann fyrirgefningar og fylgja honum. Þannig frelsumst við.

„Ef þú játar með munnnum þínum: Jesús er Drottinn, og trúir í hjarta þínu að Guð hafi upp vakið hann frá dauðum verður þú hólpinn.“

Róm. 10.9



Tákn notuð með leyfi THE FOUR

Ef skip sekkur úti á reginhafi og farþegarnir eru í þann veginn að drukkna, er ekki nóg að björgunarbátur komi til hjálpar og björgunarfólk mæli „hughreystingarorð“ við þá. Enginn myndi skilja slíkt! Á sama hátt nægir okkur ekki að segja frá fagnaðar-erindinu. Jesús kom til þess að leita hinna glötuðu og frelsa þá. Hann vill einnig nota þig til þess að leiða fólk til sáttargjörðar við Guð og frelsunar. Þú getur lært að leiða fólk til Krists.

1. Ákvörðunin fyrir Krist

Sú ákvörðun að fylgja Jesú er mikilvægasta ákvörðun lífsins. Nú nýtur þú þeirra forréttinda að leiða manneskju til Krists. Þegar hér er komið við sögu er orðið tímabært að bera upp úrslitaspurninguna.

„Ég er því erindreki Krists sem Guð notar til að hvetja ykkur. Ég bið í orðastað Krists: Látið sættast við Guð.“

2 Kor. 5.20

Kristnir menn hika oft á þessu stigi málsins, en margt fólk leitar Guðs og bíður þess að einhver leiði sig til Krists. Óttastu ekki að taka þetta skref. Spyrðu bara: „Vilt þú koma lífi þínu í lag gagnvart Guði á þessari stundu?“ eða „Vilt þú kynnast Jesú af eigin raun?“

Hafðu síðan hljótt og bíddu eftir svari. Áður en þú ferð með frelsis-bænina með manneskjinni, spyrðu hana þá hvort hún trúi því að Jesús hafi dáið fyrir syndir hennar og risið upp frá dauðum. Við viljum hvorki neyða né ráðskast með nokkurn mann. Og þetta snýst ekki um að verða safnaðarmeðlimur. Þetta snýst um að sættast við Guð og öðlast eilíft líf. Um líf eða dauða er að tefla!



2. Bæn til samfélags við Krist

Farðu nú með einfalda bæn og biddu manneskjuna um að biðja með þér af öllu sínu hjarta og bjóða Jesú inn í líf sitt. Gerðu hlé eftir sérhverja setningu svo að manneskjan geti endurtekið hana. Hér má sjá dæmi um bæn:

„Drottinn Jesús, ég trúi því að þú sért Sonur Guðs. Ég trúi því að þú hafir dáið á krossinum vegna synda minna. Fyrirgefðu mér syndir mínar og komdu inn í líf mitt. Ég trúi því að þú hafir risið upp frá dauðum og sért lifandi í dag. Ég tek við þér sem Drottni mínum og frelsara. Ég vil fylgja þér ævina á enda. Amen.“

3. Næstu skref

Eftir að manneskjan hefur falið líf sitt Jesú útskýrir þú fyrir henni það sem gerst hefur. Við höfum sæst við Guð fyrir Jesú og getum nú talað við Guð og komist að áætlun hans fyrir líf okkar.

Útskýrðu fjögur mikilvægustu viðhorfin í lífi kristins manns:

1. Bæn:

Að tala við Guð og mynda tengsl við Jesú.

2. Biblían:

Að lesa orð Guðs til þess að skilja áætlun hans.

3. Samfélag:

Að finna kirkju eða samfélag í grenndinni (stað þar sem kristið fólk sem trúir á boðskap Biblíunnar hittist).

4. Boðun fagnaðarerindisins:

Að segja öðrum frá fagnaðarerindinu og vitnisburði þínum.

Að lokum skalt þú skiptast á heimilisföngum við viðmælanda þinn. Hittist á ný innan þriggja daga og myndið tengsl. Biddu fyrir manneskjunni og vingastu við hana. Ef unnt er, skalt þú sækja manneskjuna á leið til guðsþjónustu eða í smáhópastarf.



AF STAÐ!

Á alþjóðlega trúboðsdaginn biðjum við og iðjum!

Undirbúðu þig fyrirfram með bæn, hvort sem þú ert í ein-rúmi, með kirkjunni þinni, samfélagshópnum, heimahópnum eða biblíuleshópnum! Jafnvel þótt þú sért ein/n þíns liðs, skalt þú fara með kröftuga bæn:

„Drottinn, hér er ég. Sendu mig og notaðu mig til þess að ná til fólks með fagnaðarerindið. Ég skal hlýða orði þínu og fara.“

Að þessu loknu, skalt þú sérstaklega biðja fyrir því að þú mætir þeirri manneskju sem þú vilt ná til þann daginn.

Af stað!

Markmið sérhvers kristins manns er að tala við að minnsta kosti eina manneskju á alþjóðlega trúboðsdeginum. Það má finna ótal leiðir til þess að ná til fólks á þessum tímum. Nokkrar hugmyndir má finna á næstu blaðsíðu.

Maður á mann – Hringdu í einhvern eða heimsæktu og bjóddu viðkomandi í kaffisopa og spjall um Jesú.

Tveir og tveir saman – Hittist í kirkjunni og skiptið liði. Farið síðan tvö og tvö saman og náði til fólksins þar sem það er; úti á götu, í stórmarkaðinum, á sjúkrahúsum o.s.frv.

Vertu væn/n og vertu kæn/n – Gerðu einhverri/einhverjum góðverk og segðu viðkomandi svo frá fagnaðarerindinu.

Náðu til nærsveitanna – Gerðu áætlun um að ná til nágrennisins eða alls bæjarins eða svæðisins í kring, til dæmis með því að banka upp á. Hafðu ávallt hugann við það hvernig þú getur miðlað fagnaðarerindinu með fólki.

Hugmyndir frá A til Ö – Þú gætir skipulagt viðburði utan dyra eða sótt fjölmenna staði. Biddu Guð um að gefa þér hugmynd um það hvert þú gætir farið. Til eru ótal staðir og leiðir til þess að ná til fólks.

Gefðu manni fisk og þú munt fæða hann í einn dag.
Kenndu manni að veiða og þú munt fæða hann ævina á enda.

Allir geta náð til einhvers.
Saman getum við náð til heimsins!

Hafðu samband og náðu í gögn:

Farðu á síðuna **www.globaloutreachday.com** og segðu þar frá reynslu þinni og fáðu nánari upplýsingar um Alþjóðlega trúboðsdaginn.

Heimsæktu síðuna **www.globaloutreachday.com/resources** og fáðu þar hjálpargögn fyrir þjálfun, nálgun og trúboð. Þú getur einnig hlaðið niður Global Outreach Day appinu fyrir gamsann þinn.

Boðberar Guðs

Boðun er lífsstíll

Að segja frá fagnaðarerindinu er meira en viðburður eða dagskrá. Boðun er lífsstíll. Ung kona sagði mér nýlega frá því þegar hún leiddi manneskju til Jesú í fyrsta sinn. Augu hennar leiftruðu, og hún var í sjöunda himni. Hún er engin undantekning. Ég hef talað við margt fólk sem deilir hinni ótrúlegu gleði sem því fylgir að leiða manneskju til Krists.

Þú getur uppgötvað þetta magnþrungna líf með því að læra að segja öðrum frá Jesú á þinn einstaka hátt.

Er þú tekur trúarskref og sýnir frumkvæði á meðal fólks muntu sjá breytingu á þínu eigin lífi. Í stað þess að óttast höfnun, munt þú sjá sjálfa/n þig segja frá með frjálslegum hætti, og sýnir ósvikinn áhuga á fólki. Þú munt geta leitt einhverja til Krists. Í stað þess að hræðast það að tala við fólk og láta það hafna þér munt þú upplifa með sífellt skýrari hætti hvernig þú getur borið áfram þennan dýrmæta boðskap með frjálslegum hætti og sýnir ósvikinn áhuga á fólki. Þú getur uppgötvað þá gleði sem því fylgir að vísa fólki veginn til Guðs. Sérhver dagur getur orðið sérstakur ef þú lætur til þín taka. Settu þér einfalt markmið strax:

Í hverri viku skal ég tala við eina manneskju og segja henni frá Jesú

Þetta er raunhæft og gerlegt markmið fyrir sérhvern kristinn mann. Við munum aðeins sjá árangur ef við tökum ákvörðun og verðum virk. Skýrt markmið mun skora þig á hólmi, en það mun einnig leiða þig inn í nýja vídd. Við getum aðeins náð markmiðum okkar ef við erum reiðubúin að stíga út fyrir þægindarammann. En ef þú gerir það, munt þú reyna ævintýrlegt líf. Gerðu þér ljóst að þú ert ekki ein/n á ferð. Margt annað kristið fólk víðs vegar um heiminn er að gera þetta sama.

Þú getur náð til einnar manneskju á viku — saman getum við náð til alls heimsins!

3SKREF

HVERNIG ALLIR GETA UNNIÐ FÓLK FYRIR JESÚ

Fagnaðarereindið um Jesú Krist er besti boðskapur allra tíma. Guð vill nota þig til þess að bera öðrum þennan boðskap. Í þessum þriggja skrefa þjálfunarbæklingi munt þú læra að vinna fólk fyrir Krist!

Skref 1: Hvernig á að hefja samræður

Skref 2: Hvernig á að deila fagnaðarerindinu

Skref 3: Hvernig á að leiða einstakling til Krists



Werner Nachtigal er frumkvöðull alþjóðlega trúboðsdagsins og ferðast um heiminn til þess að veita kristnu fólki innblástur, virkja það og þjálfra til trúboðsstarfa. Á hverju ári taka milljónir kristinna manna virkan þátt í alþjóðlega trúboðsdeginum með því að greina frá boðskap fagnaðarerindisins.

**Allir geta náð til einhvers.
Saman getum við náð til alls heimsins!**



ALPJÓDLEGI
TRÚBOÐSDAGURINN
Það er min kállun!

www.globaloutreachday.com